

Þór Vilhjálmsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kvað upp dóm þenna. Uppsaga dómsins hefur dregið vegna anna og þess, að hér er um viðamikið sakarfeni að tefla.

Dómsorð:

Stefndi, Áki Jakobsson, greiði stefnanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, kr. 36.199.00 með 12% ársvöxtum frá 15. október 1963 til greiðsludags. Stefnandi greiði stefnda kr. 10.000.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. marz 1968.

Nr. 41/1966. **Valdstjórnin**
 gegn
Sigurjóni Einarssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Theodór B. Línal.

Kærumál. Um skipun verjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur með heimild í 4. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1968, er barst dóminum 29. s. m. Krefst hann þess, að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur og að skipaður verjandi hans, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, verði leystur frá þeim starfa.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 22. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu: Valdstjórnin gegn Sigurjóni Einarssyni, en málið var tekið til úrskurðar 21. þ. m.

Með bréfi, dags. 19. þ. m., hefur varnaraðili, Sigurjón Einarsson verzlunarmaður, Snorrabraut 52 hér í borg, fæddur 13. desember 1930, farið þess á leit, að skipaður verjandi hans í málinu, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, verði leystur frá þeim starfa sínum, en Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður skipaður í hans stað. Varnaraðili kveður ástæðuna fyrir beiðni þessari vera þá, að ósamkomulag hafi orðið milli sín og verjanda síns um það, hvernig haga skuli vörnum í málinu. Verjandi varnaraðilja, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, hefur talið rétt, að orðið verði við ósk varnaraðilja.

Upphaf máls þessa er það, að með beiðni, dagsettri 23. desember s.l., fór móðir varnaraðilja, Unnur Pétursdóttir, Smára-götu 1 hér í borg, þess á leit, að hann verði sviptur sjálfræði vegna drykkjuskaparóreglu. Sé þörf á þessu, til þess að unnt sé að reyna við varnaraðilja lækningaaðgerðir, sem taldar séu vænlegar til árangurs.

Varnaraðilja var ráðstafað á Kleppsspítalann hinn 24. desember s.l. af aðstandendum. Í vottorði Ólafs Hauks Ólafssonar læknis, er fylgdi honum þangað, segir, að sjúkdómsgreiningin á honum sé „alcoholismus chron.“

Varnaraðili dvaldist í þetta sinn á Kleppsspítalanum til 15. janúar s.l., en þá strauk hann þaðan. Í vottorði spítalans um varnaraðilja, dags. 16. sama mánaðar, undirrituðu af dr. med. Tómasi Helgasyni yfirlækni, segir, að sjúkdómsgreiningin á honum sé „alcoholismus chronicus og psychopathia“.

Dómsrannsókn hófst í máli þessu hinn 28. desember s.l., og var málið nokkru síðar að frumrannsókn lokinni sent saksóknara ríkisins. Gaf hann út ákæruskjal á hendur varnaraðilja hinn 18. f. m. Er þar krafizt þess, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði vegna ofnautnar áfengis og geðveilu, sbr. 3. og 1. tölulið laga nr. 95/1947 um lögræði (sic), og að hann verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Ákæran var birt fyrir varnaraðilja, er þá dvaldist á Kleppsspítala, sama dag og hún var gefin út. Óskaði varnaraðili eftir því, að Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður yrði

skipaður verjandi hans í málinu. Dómarinn varð við þessari ósk varnaraðilja. Málið var þingfest hinn 24. sama mánaðar, og átti verjandinn þá að flytja munnlega málsvörn. Af því gat ekki orðið, þar sem sú ósk barst frá varnaraðilja, að hann fengi að tjá sig nánar um málavexti. Kom hann fyrir dóm sama dag og óskaði eftir því, að framhaldsrannsókn færi fram í málinu. Var málinu frestað vegna þessara tilmæla hans.

Í bréfi verjanda varnaraðilja, dags. 9. þ. m., voru tilgreind þau atriði, sem varnaraðili óskaði eftir, að rannsökuð yrðu nánar. Þegar þeirri rannsókn var lokið, var ákveðið, að munnleg vörn færi fram 16. þ. m. Eigi gat heldur orðið af því, þar eð varnaraðili krafðist enn rannsóknar og bar jafnframt fram þá ósk, að verjandi hans verði látinn hætta störfum í málinu, eins og áður greinir.

Í greinargerð sinni, dags. 20. þ. m., segir skipaður verjandi varnaraðilja á þessa leið um þá ósk varnaraðilja, að verjandinn verði leystur frá starfa sínum í málinu:

„Nú hefur skjólstæðingur minn óskað þess, að ég verði leystur frá starfa mínum sem verjandi hans, þar sem við séum ekki sammála um rekstur málsins. Ég lýsti því yfir í sakadómi í gær, að ég samþykkti þessa ósk, en dómari synjaði, og krafðist ég þá úrskurðar um þetta atriði.

Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum, en ljóst er, að erfitt er fyrir mig að halda áfram vörn í máli skjólstæðings míns, eftir að ágreiningur hefur orðið með okkur um efnisatriði málsins. Tel ég því rétt að verða við ósk skjólstæðings míns í þessu efni og tek undir hana“.

Verjandi varnaraðilja hefur gegnt starfi sínu í máli þessu að öllu leyti, án þess að að verði fundið. Hafa eigi verið færð næg rök fyrir því, að hann víki úr starfi þessu, enda gæti það valdið meiri töfum á rekstri máls þessa en þegar er orðið. Verður því krafan um þetta eigi tekin til greina.

Ályktarorð:

Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður vísar því fram á andastarfi í máli þessu.
